



Beiðnir að því er varðar upplýsingar um bíl af hálfu þriðja aðila (sem er ekki umráðaaðili bílsins)

Ábending varðandi notkun:

1. Hvers er krafist af umráðaaðila?

Umráðaaðili þarf að færa inn allar upplýsingar (1) til að staðfesta hverjir umráðaaðilar eru, (2) varðandi umboð til að leggja fram yfirlýsingar um afsal réttinda og (3) til að tilgreina tímabil, (4) skrifa undir eyðublaðið og (5) láta skjal til sönnunar á umráðum fylgja með eyðublaðinu.

2. Hvenær og af hverju er krafist umboðs frá umráðaaðila?

Þetta umboð er nauðsynlegt þegar aðili (hér eftir nefndur „beiðandi“) nýtir réttindi skráðs einstaklings samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni fyrir bíl sem lögaðili (t.d. einkahlutafélag eða hlutafélag) hefur umráð yfir.

Ástæðan fyrir þessu er sú að réttindi skráðs einstaklings að því er varðar beiðanda takmarkast ávallt af réttindum umráðaaðila, svo fremi sem þau varða sömu upplýsingar. Til þess að Volkswagen AG geti orðið við erindi beiðanda að því er varðar þessar upplýsingar án takmörkunar vegna réttinda umráðaaðila þarf umráðaaðili að veita samþykki sitt fyrir því að Volkswagen AG taki ekki tillit til réttinda hans að þessu marki þegar orðið er við neðangreindum erindum beiðanda að því er varðar réttindi skráðs einstaklings. Ef farið er fram á að upplýsingum sé eytt fæli þetta til dæmis í sér að umráðaaðili veitti samþykki sitt fyrir eyðingu upplýsinga sinna.

(1) Staðfesting á umráðum yfir bílnum

Fyrirtækið

Heiti fyrirtækis

Aðsetur:

.....

.....

Fulltrúi

Fornafn:

Eftirnafn:

Staða:

staðfestir að þegar þessari yfirlýsingu er skilað inn er það umráðaaðili bílsins með eftirfarandi verksmiðjunúmer (grindarnúmer):



Verksmiðjunúmer (17 stafa):

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

(5) Umráð yfir bílnum eru staðfest með

Ljósriti af skráningarskírteini

Öðru skjali til staðfestingar: -----

(2) Umboð til að leggja fram yfirlýsingar um afsal réttinda fyrir umráðaaðila bíls (lögaðila) að því er varðar réttindi til að fá upplýsingar um bílinn

Með því að haka við eftirfarandi reiti er

Fornafn: -----

Eftirnafn: -----

veitt umboð til að leggja fram yfirlýsingu um afsal réttinda að því er varðar viðkomandi takmarkandi eða gagnstæð réttindi umráðaaðila í tengslum við þau réttindi sem beiðni snýr að. Þetta varðar allar upplýsingar um bílinn með framangreindu verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) sem hefur verið safnað og hafa síðan verið vistaðar og kunna að tengjast beiðanda samkvæmt ákvæðum almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

<input type="checkbox"/>	Óskað eftir upplýsingum í skilningi 15. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar
<input type="checkbox"/>	Farið fram á leiðréttingu í skilningi 16. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar
<input type="checkbox"/>	Farið fram á eyðingu í skilningi 17. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar
<input type="checkbox"/>	Farið fram á takmörkun á vinnslu í skilningi 18. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar
<input type="checkbox"/>	Farið fram á flutning á gögnum í skilningi 20. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar
<input type="checkbox"/>	Andmæli gegn vinnslu í skilningi 21. og 22. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar
<input type="checkbox"/>	Afturköllun samþykkis í skilningi 3. mgr. 7. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar



(3) Afmörkun á tímabili

Heimildin til að leggja fram beiðni tekur til upplýsinga um bílinn sem er safnað á eftirfarandi tímabili:

Frá: _____ [DD/MM/ÁÁÁÁ], til: _____ [DD/MM/ÁÁÁÁ].

Fyrirtæki (umráðaaðili bíls): _____

(4) Undirskrift þar til bærs fulltrúa: _____

VALFRJÁLST: Samskiptaupplýsingar fyrir frekari samskipti

Vegna frekari samskipta, einkum vegna spurninga um þær upplýsingar sem hér eru veittar, má VW AG hafa samband við mig með eftirfarandi leiðum:

- með tölvupósti: _____,
- í síma/SMS: _____, og/eða
- bréfléiðis _____

Volkswagen AG vinnur með ofangreindar persónuupplýsingar vegna nýtingar réttinda samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni.

Þú getur hvenær sem er nýtt réttindi þín (einkum réttinn til upplýsinga, leiðréttingar, eyðingar, andmæla og afturköllunar) gagnvart Volkswagen AG þér að kostnaðarlausu. Tengiliðir vegna nýtingar réttar þíns og frekari upplýsingar koma fram á vefsíðunni privacy.volkswagen.com.

Nánari upplýsingar um þessa vinnslu persónuupplýsinga er að finna í persónuverndaryfirlýsingu okkar sem hægt er að sækja á slóðinni privacy.volkswagen.com/legal/data-protection.